Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók samskotsnefndar vegna mannaskaða 7. apríl 1907

Aðfnr. 1348

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók

samskotanefndar vegna

mannskaða

7. apríl 1.9 0 7

.077.5 - .84:361.7

Aðfnr. 1348

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók

mannskaðasamskotanefndar

þeirrar er tók til starfa

í aprílmán. 1906.

SKJALASAFN REYKJAVÍKURBÆJAR
1348

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906 þ. 15. apríl komu
þeir lektor Þórhallur Bjarnarson,
hjeraðslæknir Guðmundur Björns-
son, kaupmaður Geir Zoëga ~~og~~
kaupmaður Th. Thorsteinsson og
bæjarfulltrúi Hannes Hafliðason
saman á heimili Geirs kaup-
manns Zoëga og urðu ásáttir
um að ganga saman í nefnd,
ásamt þeim kaupmanni Thor
Jensen og sýslumanni Páli
Einarssyni í Hafnarfirði, til
þess að safna og útbýta
samskotafje til hjálparþurf-
andi ekkna, barna og annara
munaðarleysingja sjómanna
þeirra, er drukknað höfðu
við Faxaflóa í hinu mikla
mannskaðaveðri 7. s. m. - Gekk
Thor kaupmaður Jensen frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar í nefndina og á fund-
inum var lagt fram brjef
frá sýslumanni Páli Einarssyni,
þar sem hann lýsti því yfir,
að hann væri fús til að ganga
í nefndina og taka við hverju
starfa í henni sem væri,
eins og hann líka gaf leyf-
ið til að setja nafn sitt
undir hverja þá áskorun,
er nefndinni þætti ástæða til
að gefa út þá þegar. —
Geir kaupmaður Zoëga tók
að sjer að vera gjaldkeri nefnd-
arinnar. —
Nefndin samdi þá þegar og undir-
skrifaði áskorun til almennings um
að skjóta fje saman og var áskorunin
send til birtingar öllum helztu blöðunum
í Reykjavík. Fleira gjörðist ekki. —
Björn. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 18. apríl 1906 átti samskotanefndin fund með sjer á skrifstofu bæjarfógetans. Allir nefndarmennirnir voru mættir. Á fundinum gjörðist það, er hjer segir:

1º Lektor Þórhallur Bjarnarson var kosinn formaður nefndarinnar og Páll Einarsson sýslumaður skrifari hennar.

2º Var samþykkt að senda samskotaáskorunina blöðunum á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði. —

3º Samþykkt að leita upplýsinga um, með hverjum kjörum Ísafold, Fjallkonan, Þjóðólfur og Lögrjetta vildu birta auglýsingar um samskotin og að auglýsa þau í þeim tveimur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirra, er bezt kjör byðu. –
4° Var samþykkt að láta prenta eyðublöð til samskotalista og skipta nefndarmenn með sjer að senda þá út. –
5° Var skýrt frá því, að þeir, er druknuðu á kutter Ingvar, hefðu verið vátryggðir í dönsku vátryggingarfjelagi og gefnar nokkrar nánari upplýsingar þar að lútandi.
6° Samþykkt að styrkur skyldi borgaður af samskotunum ættingjum þeirra, er druknuðu af bát í Grindavík um páskaleytið. –
7° Samþykkt að leita hófanna hjá stjórnendum bankanna um það, hvort þeir vildu leggja eitthvað af mörkum til sam–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skotanna. En þetta verður nánara rætt seinna í nefndinni áður en frekara verður gjört í því efni. —

8° Var samþykkt að leita upplýsinga um, hverja ættmenn hinir drukknuðu hefðu látið eptir sig, sjerstaklega hvort ekkja væri, hve mörg börn og aldur hvers þeirra, foreldrar eða aðrir ættmenn, er hinn látni hefði forsorgað — og um efnaástæður. — Var Þórhalli Bjarnarsyni falið að útvega þessar upplýsingar úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Árnes- og Rangárvallasýslu, en Páli Einarssyni úr hinum hjeruðunum.

Fleira gjörðist ekki. —

Þórh. Bjarnarson. / Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þ. 20. maí 1906 átti samskotanefndin enn fund með sjer á skrifstofu bæjarfógeta. Allir nefndarmenn mættir, nema Guðmundur Björnsson og Hannes Hafliðason. –

1° Formaður gat þess, að blöðin "Fjallkonan" og "Lögrjetta" hefðu lofað að auglýsa samskotin án endurgjalds, og hafa samskotin verið auglýst í þeim. Hin blöðin höfðu einnig lofað að geta samskotanna. –

2° Þess var getið að til bráðabyrgða hefur verið útbýtt 370 krónum á Akranesi og 240 krónum í Reykjavík.

3° Var samþykkt að sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skotin yrðu látin ná einnig
til styrktar familíum tveggja
stýrimanna, er drukknuðu
fyrir 7. þ. m. og ennfremur
til familíu Ólafs Jónssonar(?),
er drukknaði með Guð-
mundi Einarssyni frá Nesi.

4o Gjaldkeri skýrði frá því, að
samskotin væru nú orðin
um 7000 krónur, og Tom-
bólufje þó ókomið. – Gjald-
kera falið að borga út
í samráði við formann
til hinna bágstöddustu ætt-
menna það er álitið þurfa
til að afstýra bágindum
í bráð. –

Uppl. samþ. –

Þórh. Bjarnarson.
Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906 þ. 7. júlí var haldinn fundur í Bárubúð í Reykjavík, er boðað hafði verið til af samskotanefndinni með auglýsingum í blöðunum. Tilefnið til fundarins var það, að nefndin óskaði yfirlýsingar gefendanna um það, hvort af samskotafénu mætti verja nokkru til styrkþurfandi vandamanna þeirra, er drukknað hafa af tveimur þilskipum af Vestfjörðum (Ísafirði og Stykkishólmi), er farist hafa eptir að ~~sam~~ byrjað var að safna samskotunum. -

Utan nefndarinnar voru að eins fáir af gefendunum mættir, nefnilega þessir menn: Björn Jónsson, ~~[illegible]~~ ritstjóri, síra Ólafur Ólafsson, konsúll D. Thomsen, bankagjaldkeri Halldór Jónsson, Björn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaupmaður Guðmundsson, Ásgeir Sigurðsson kaupmaður og bankastjóri Sighvatur Bjarnason. Hinir ~~þrír~~ síðastnefndu voru úr ~~Tombólu~~nefnd tombólu þeirrar, er haldin hefur verið til ágóða fyrir samskotasjóðinn og bjargráð. – (Samþykkt var).

Fundurinn var því samþykkur, að nefndin mætti útbýta af samskotafjenu til þurfandi vandamanna þeirra, er drukknað hafa á þilskipunum frá Vestfjörðum, ef þar vestra verðar settar á stofn nefndir til að safna fje og útbýta fjenu í þeim hjeruðum, þar sem manntjónin hafa orðið. – Hinsvegar vildi fundurinn ekki nú þegar ákveða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vissa upphæð til Vestfjarða, en fól nefndinni að ákveða það, enda gengur fundurinn út frá, að samvinna eigi sjer stað milli nefndarinnar hjer og nefndanna vestra. —

Fundi slitið

Þorst. Bjarnason.

Páll Einarsson
skrifari fundarins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þ. 30. sept. – 1. október 1906 hjelt samskotanefndin fund í Reykjavík. Mættu allir nefndarmenninnir á þeim fundi og gjörðist á fundinum það, er hjer segir:

1º

Nefndin ritaði öll undir brjef til klúbbsins "Helgi Magri" í Winnipeg í Canada og var í því brjefi kvittað fyrir hinu mikla samskotafje, er þaðan hafði komið, og gefendunum þakkað fyrir hin rausnarlegu samskot.–

2º

Nefndinni hafði ekki borist nein tilkynning um, að í Stykkishólmi og á Ísafirði (Vestfjörðum) hefðu verið settar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á stofn neinar nefndir til þess að safna gjöfum þar vestra og útbýta gjafafje til vanda-manna þeirra, er drukknað hafa á þilskipum þeim, er þar fórust næstliðið vor og fundar-gjörð 7. júlí þ. á. ræðir um. - Nefndin þóttist því ekki nú þegar geta útbýtt neinu af gjafafjenu til þessara vanda-manna hinna drukknuðu, nje sent fje vestur til útbýt-ingar. Með þetta fyrir augum ákvað nefndin að láta allmikið af fjenu vera óskipt fyrst um sinn og að skrifa þeim pró-fasti Sigurði Gunnarssyni á Stykkishólmi og prófasti Þor-valdi Jónssyni á Ísafirði og fá hjá þeim upplýsingar um,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvort samskotanefndir hefðu
verið myndaðar þar vestra
og samskotum safnað, sem
og um hverjir lifi af vanda-
mönnum þeirra, er drukkn-
uðu af skipum þessum.-

3º

Allar líkur þykja vera
fyrir því, að þilskipið "Hjálm-
ar" hafi nýlega farizt með
5 mönnum.- Ef þetta reyn-
ist rjett, samþykkti nefndin
einnig að styrkja eftirlifandi
vandamenn þessarar skips-
hafnar af samskota-
fjenu.-

4º

Með því að ennþá ekki
var fengin nein fregn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um hverjir af vandamönnum
þeirra, er druknuðu á
"Ingvar", fengju styrk af
lífsábyrgðarsjóði sjómanna
í Danmörku og hve mikið
hver, var samþykkt að
fresta að taka ákvörðun
um útbýtingu á fje
til vandamanna þeirrar
skipshafnar. –

5°

Var lagt fram brjef
frá Birni Jóhannessyni á Innsta-
vogi á Akranesi, þar sem hann
beiðist styrks af samskotafjenu,
en í fyrra haust druknuðu
3 fullorðnir synir hans
á leið frá Reykjavík til
Akraness. – Nefndin sá sjer
ekki fært að veita honum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

styrk af fje því, sem þegar
hefur safnast. –

6°

Af fje því, sem þegar er
safnað úthlutaði nefndin
til bráðabyrgða tæpum
15 þúsund krónum. Voru
úthlutunarskrárnar undir-
skrifaðar og ákveðið hvern-
ig og hverjum útborga
skyldi styrksupphæðirnar –

7°

Formaður skýrði frá því, að
blaðið "Reykjavík" hefði krafist
borgunar fyrir að auglýsa
áskorunina um sam-
skotin. Enda þótt ekkert
annað blað hefði krafist
borgunar fyrir að aug-
lýsa áskorun þessa,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vefurdin sjer ekki annað fært
en að borga blaðinu auglýsinga-
gjald þetta. –
Fleira gjörðist ekki. –
Fundi slitið

Þórh. Bjarnarson. Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirfarandi bréf sent prófastinum
í Stykkishólmi og Ísafirði:

Eins og yður er kunnugt um, háæruverðuga herra prófastur, var eftirfarandi ályktun tekin á fundi 7. júlí síðastl. sem samskotanefnd sú, sem safnar fé til styrktar eftirlifandi vandamönnum sjódrukknaðra manna, hélt með gefendum:

(Ályktunin orðrétt)

Samkvæmt þessari fundaályktun höfum við búist við að nefnd manna verði sett á stofn á Ísafirði til þess að safna fé og úthluta til vandamanna þeirra er drukknuðu af þilskipinu þaðan og að sú nefnd mundi vinna í sameiningu við okkur. En við höfum ekki fengið neina tilkynningu um að slík nefnd sé stofnuð, og heldur ekki áreiðanlegar fregnir um hversu margir styrkþurfandi vandamenn hinna ~~sjó~~ drukknuðu séu. Af þessu leiðir, að á fundi sem samskotanefndin hefir haldið í dag til að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útbýta nokkru af gjafafénu hefir hún ekki
getað tekið neina ákvörðun um hvort nokkuð
eða hve mikið af fénu verði látið ganga til
styrktar vandamanna þeirra er drukknuðu af
þilskipunum frá Ísafirði.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta,
herra prófastur, biðjum vér yður að láta oss
sem allra fyrst í té skýrslu um hvort
nefnd hafi verið sett á stofn á Ísafirði, hvort
samskotum hafi verið safnað þar vestra og þá
hve miklum, ennfremur hverjir séu hinir
nánustu vandamenn þeirra drukknuðu.
Vér getum þess einnig að hugsun vor var sú,
að ef slík samskotanefnd væri til, þá að senda
þeirri nefnd til útbýtingar, ekki að eins það fé
sem goldist hefir í samskotasjóðinn hér úr
Ísafjarðarsýslu heldur einnig tiltekna upp-
hæð af hinum öðrum samskotum.
En ef engin nefnd er til vestra og ekkert
fé hefir verið safnað þar sérstaklega, teljum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vér hopið að oss sé heimilt að senda meira af þeim vestur á Ísafjörð en goldist hefir þaðan

—

Rjett innfært vottar
Páll Einarsson.

Þann 12. des. 1906 átti samskota-nefndin fund með sjer í Reykjavík og voru á fundinum mættir lektor Þórhallur Bjarnarson, kaupmaður Geir Zoëga, Hannes Hafliðason skipstjóri, Páll Einarsson sýslumaður. – Fleiri voru ekki mættir í byrjun fundarins. –

Á fundinum gjörðist það, er hjer segir:

1. gr. –

Nefndinni höfðu borist skilríki fyrir því, að á Dýrafirði og Stykkishólmi voru settar á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stofu nefndir, formaður hinnar fyrrnefndu
er verslunarstjóri Carl Proppé
Þingeyri og fjehirðir Matthías
Ólafsson kaupmaður í Hauka-
dal. Formaður hinnar síðar-
nefndu er Sigurður prófastur
Gunnarsson, Stykkishólmi, og
fjehirðir Sæmundur kaupmaður
Halldórsson s. st. – Eptir að
nefndirnar höfðu borizt skýrslur
þessar komu nefndarmennirnir
sjer saman um utanfundar
að senda hvorri þessari nefnd
um sig 1000 krónur til útbýt-
ingar, þannig að fjeð gæti kom-
ið í hendur hlutaðeigendum
fyrir jól. Þessar 2000 kr. hafa
verið sendar og kvittun frá nefnd-
unni annari er þegar meðtekin. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2°

Í viðbót við það, sem áður hefur verið útborgað, var samþykkt að útborga:

| | | | |
|---|---|---|---|
| (áður borgað) Ekkju Jafets Ólafssonar | ✓ | kr. | 100,00 |
| — " — Björns Gíslasonar | ✓ | - | 200,00 |
| — " — Lopts Loptssonar | ✓ | - | 200,00 |
| Barni Guðbj. Guðmundsson | ✓ | - | 300,00 |
| Jóni Ólafssyni (tilbk. Bjarna á Geitab.) | ✓ | - | 200,00 |
| Steinunni, móður pilts, er drukknaði á Hjalmari (Bjarnaberg). | ✓ | - | 100,00 |

Meira var ekki úthlutað að sinni. –

3°

Út af brjefum, sem nefndinni hafði borist, var formanni falið að tilkynna Guðmundi á Staðarbakka, föður Tímoteusar Ólafs, er drukknaði á Ingvari, að svo framanlega sem hann ekki fái styrk frá Danmörku, verði honum veittur styrkur af samskotasjóðunum. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur samþykkt að borga Páli Hafliðasyni, föður Hafliða, er druknaði á Hjálmar, 200 krónur. – Hannesi Hafliðasyni var falið að leita upplýsinga um hag eftirlátinna vandamanna þeirra Reykvíkinga, er druknuðu á Hjálmar. –

Meðan fundurinn stóð yfir komu þeir Guðmundur Björnsson og Thor Jensen, en Th. Thorsteinsson var farinn til Kaupmannahafnar. –

Fundi slitið.

Þórh. Bjarnarson. Páll Einarsson

Hannes Hafliðason G. Björnsson

G. Zoëga [signature]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907 þ. 27. jan. átti samskotanefndin fundi með sjer í Reykjavík. Viðstaddir voru: lektor Þórhallur Bjarnason, kaupmaður Geir Zoëga, sýslumaður Páll Einarsson og bæjarfulltrúi Hannes Hafliðason.—

Á fundinum gjörðist sem hjer segir:

1°

Var samþykkt að ~~at~~ senda úthlutunarnefndinni á Dýrafirði 1000 krónur og úthlutunarnefndinni í Stykkishólmi 1000 krónur til útbýtingar þar vestra.—

2°

Var samþykkt að leggja barni Guðmundar Jónssonar, er drukkn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aði á Hjálmari; 200 hundruð.
Barnið á heima á Njálsgötu 48
hjá móðurinni Þorgerði Guðlaugs-
dóttur. –

3a

Fengnar upplýsingar um
vandamenn Guðna Einarssonar,
Brandhúsum og Sigurbjarnar
Jónssonar í Syðri-Gróf. Nefndinni
þótti ekki aðð svo komnu á-
stæða til að veita vandamönn-
um þessara manna styrk. –

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið.

Þórh. Bjarnarson. Hannes Hafstein
G Zoëga Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Desember 1906.

Brjef skrifuð af formanninum til samskota-nefndanna:-

a., á Dýrafirði

b.) á Stykkishólmi,

og þau send með 1000 Krónum til hverrar nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

Mannskaðasamskotanefndin
Reykjavík 28. Jan. 1907.

Í viðbót við það, sem vjer áður höfum sent, sendum vjer yður, herra prófastur, eða samskotanefndinni í Stykkishólmi hjer með 1000 — eitt þúsund krónur, til útbýtingar meðal þurfandi vandamanna þeirra, er á næstliðnu ári drukknuðu á þilskipum frá Stykkishólmi. Biðjum vjer yður að senda oss eða gjaldkera nefndarinnar um hæl kvittun fyrir því, að þjer hafið meðtekið fje þetta.

Að öðru leyti skírskotum vjer til brjefs vors 1. Okt. f. á. og væntum þess, að skilyrðum þeim, sem þar eru sett, verði fullnægt, og að þjer gjörið um, að oss verði á sínum tíma send skýrsla um, hvernig samskotafjenu hafi verið útbýtt af nefndinni í Stykkishólmi, hve mikið hafi safnast þar af gjöfum, sem ekki hafa verið sendar í hinn sameiginlega sjóð vorn hjer syðra og hverjir hafi hlotið þær, hinir nánustu vandamenn þeirra, er drukknuðu á Stykkishólmsskipinu.

Virðingarfyllst:
Þórhallur Bjarnarson    Páll Einarsson
G. Zoëga

Háæruverðugi
herra prófastur Sigurður Gunnarsson. Stykkishólmi. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Eptirrit*

Mannskaðasamskotanefndin
Reykjavík 28. Jan. 1907.

Í viðbót við það, sem vjer áður höfum sent, sendum vjer yður, herra verzlunarstjóri, eða samskotanefndinni í Dýrafirði, hjer með 1000 – eitt þúsund krónur, til útbýtingar meðal þurfandi vandamanna þeirra, er á næstliðnu ári druknuðu á þilskipinu frá Ísafirði.– Biðjum vjer yður að senda oss eða gjaldkera nefndarinnar um hæl kvittun fyrir því, að þjer hafið meðtekið fje þetta.

Að öðru leyti skírskotum vjer til brjefs vors 1. Okt. f.á. og væntum þess, að skilyrðum þeim, sem þar eru sett, verði fullnægt, og að þjer sjáið um, að oss verði á sínum tíma send skýrsla um, hvernig samskotafjenu hafi verið útbýtt vestra, hve mikið hafi safnast þar, af gjöfum sem ekki hafa verið sendar í hinn sameiginlega sjóð vorn hjer syðra, og hverjir sjeu hinir nánustu vandamenn þeirra, er druknuðu á þilskipinu frá Ísafirði.–

Virðingarfyllst:
Þórhallur Bjarnarson   Páll Einarsson
G. Zoëga

Herra
verzlunarstjóri Carl Proppé, Dýrafirði.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1907, hinn 15. dag Maímánaðar átti Samskota-nefndin fund með sjer og voru undirskrifaðir mættir á honum. Á fundinum gjörðist það, er hjer segir:-

1.) Nefndinni hafði ennþá ekki borist skýrsla um hve mörgum af vandamönnum þeirra, er druknuðu á þilskipinu "Ingvar" yrði veittur styrkur úr vátryggingarsjóði sjómanna í Danmörku, og var því ennþá ekki hægt að taka endanlega ákvörðun um úthlutun styrks til þeirra.

2.) Samþykkt að Guðmundi Guðmundssyni á Staðarbakka hafði verið útborgað 40 krónur úr Samskotasjóðnum í viðbót við það, sem hann áður hafði fengið (60 kr.). —

3.) Var samþykkt að veita Theodóru ekkju Magnúsar Jónssonar á Flankastöðum 800 krónur af samskotafjenu, og að útborga sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu upphæðina, er aptur útborgar hana smátt og smátt ekkjunni til framfæris, eptir því sem hann álítur hentast og bezt við eiga.

4.) Var lagt fram brjef frá Eggert Briem bónda í Viðey um að fá styrk af samskotunum til handa Gissuri Bjarnasyni í Hafnarfirði, en Þorvaldur sonur hans druknaði á "Sophie Wheatly". - Nefndin sá sjer ekki fært að veita Gissuri neitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af samskotafjenu.

5.) Var samþykkt samkvæmt áskoruninni, er nefndinni hafði borist, að veita nokkura hjálp af samskotafjenu mjög bágstöddum vandamönnum þeirra, er drukknuðu á þilskipinu "Georg" á síðastliðinni vetrarvertíð, og ennfremur ekkju Jóhannesar Jóhannessonar, er drukknaði á fiskibát frá Flankastöðum á vetrarvertíðinni.– En að þessu sinni var ekki ákveðin nein viss upphæð handa hverjum þeirra um sig, heldur skyldi bíða betri upplýsinga um efnahag þeirra, er væntast fengnar frá skrifstofu bæjarfógetans.– Hinsvegar skyldi formaður og gjaldkeri hafa heimild til að greiða hinum bágstöddustu ekkjunum bráðabyrgðastyrk af samskotafjenu.–

6.) Lögð var fram og lesin upp skýrsla samskotanefndarinnar á Dýrafirði um úthlutun á samskotafjenu.– Var þar þá, 9. Marz, búið að úthluta allt að 3000 krónum, en cca. 700 krónur óúthlutað og von á einhverju meira samskotafje þar vestra og lofað skilagrein fyrir síðar.

Fleira gjörðist ekki.– Fundi slitið.

Páll Einarsson G. Zoëga Þórh. Bjarnarson
Hannes Hafliðason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907 þ. 29. september átti samskotanefndin fund með sjer, en þá voru enn ekki komnar til nefndarinnar þær upplýsingar viðvíkjandi skyldu þeim, er vandamenn þeirra, er drukknuðu á "Ingvar", hefðu, send frá Danmörku og fleiri skýrslur, er nefndin þurfti að hafa áður en úthlutunarstarfinu yrði lokið. Var því samþykkt að fresta frekari gjörðum til fundar 13. okt., en það vænkist, að þá verði komnar til nefndarinnar skýrslur þær, er vanta.

Fundi slitið

Páll Einarsson Jón. Bjarnason
G Zoëga Th. Thorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907 þ. 13. oktober átti samskota-
nefndin fund með sjer í Reykjavík
samkvæmt fundarboði formanns
nefndarinnar. Þessir voru mættir
á fundinum: Lektor Þórhallur Bjarn-
arson, kaupmaður Geir Zoëga, sýslu-
maður Páll Einarsson, kaupmaður
Th. Thorsteinsson og bæjarfulltrúi
Hannes Hafliðason. Á fundinum
gjörðist það, er hjer segir:

1°

Í viðbót við það, sem áður hafði
verið útborgað var úthlutað:

| | |
|---|---|
| ✓1, Margrjeti Jónsdóttur, ekkju Jafets Ólafssonar - | 200. kr. |
| ✓2, Guðrúnu Ólafsdóttur, ekkju Björns Gíslasonar | 100 - |
| ✓3, Sigþóru Steinþórsdóttur, ekkju Árna Sigurðssonar | 200 - |
| Al. | 500 kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | fl. | 500 kr. |
| 4, | Arnbjörgu Guðmundsdóttur, ekkju ~~Árna Sigurðssonar~~ Ólafs Eiríkssonar | ✓ – | 200 – |
| 5, | Pálínu Oddsdóttur, móður Konráðs Magnússonar | ✓ – | 100 – |
| 6, | Borghildi Oddsdóttur, ekkju Þorvarðar Karelssonar | ✓ – | 200 – |
| 7, | Arnbjörgu Sigmundsdóttur, ekkju Guðjóns Guðmundssonar (ef barn hennar lifir) | ✓ | 200 – |
| 8, | Jóni Jónssyni, föður Kristins Jónssonar | ✓ | 100 – |
| 9, | Vilborgu Jónsdóttur, ekkju Ólafs Ólafssonar | ✓ | 200 – |
| 10, | Sigríði Ólafsdóttur, móður Gunnlaugs Grímssonar | ✓ | 100 – |
| 11, | Ekkju Lofts Loftssonar | ✓ | 200 – |
| 12, | Páli Hafliðasyni | ✓ | 300 – – |
| 13, | Jórunni Jónsdóttur, Garðhó | ✓ | 70 |
| 14, | Móður Sigurðar Jónssonar, Brunnshólu | ✓ | 100 – |
| | | fl. | 2270 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| | | fl. 2270 kr. |
| 15, Ingveldi Sveinsdóttur, ekkju Árna Guðmundssonar | ✓ | 100 - |
| 16, Bjarna Guðmundssyni, Háukjálkju | ✓ | 200 - |
| 17, Sigríði Sveinsdóttur | ✓ | 100 - |
| 18, Guðríði Hákonardóttur, Efstabæ | ✓ | 200 - |
| 19, Helgu Jónsdóttur, ekkju Hannesar Ólafssonar | ✓ | 200 - |
| 20, Þórríði Þorláksdóttur, ekkju Kristjáns Magnússonar | ✓ | 200 - |
| 21, Sigríði Sigurðardóttur, ekkju Ólafs Ólafssonar | ✓ | 200 - |
| 22, Kristínu Jónsdóttur, ekkju Sigurðar Jónssonar | ✓ | 200 - |
| 23, Eiríki Eiríkssyni, Austurhlíð | ✓ | 100 - |
| 24, Móður Halldórs Guðbrandssonar | ✓ | 100 - |
| 25, Móður Friðlaugs Guðmundssonar | N | 100 - |
| 26, Herdísi Magnúsdóttur, Hvassabr. | ✓ | 100 - |
| 27, Kristínu Kortsdóttur, Hvítanesi | ✓ | 100 - |
| 28, Ekkju Jóns Jónssonar, Höfði | ✓ | 100 - |
| | | fl. 4270 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fl. 4270 kr.

29, Gissuri Bjarnasyni, Hafnarfirði ✓ 100 –
30, Sveini Guðnasyni, Reykjavík ✓ 100 –
31, Elínu Guðmundsdóttur, ekkju
Joh. Jóhannessonar (áður 100 kr.) ✓ 400 –
32, Foreldrum Guðj. Kr. Jónssonar
(áður veittar 40 kr.) ✓ 260 –
33, Þórði Guðmundssyni, Seljadal ✓ 200 –
34, Ekkju Sigvard M. Larsen,
í Kristiansund, Norge ✓ 250 –
35, Önnu Guðmundsdóttur, ekkju
Stefáns Daníelssonar ✓ 400 –
36, Jórunni Sigurðardóttur, ekkju
Jóns Guðmundssonar (áður 50 kr.) ✓ 200 –
37, Steinunni Ísaksdóttur, ekkju
Guðm. Steinssonar ✓ 200 –
38, Karitas Jónsdóttur, ekkju
Þórarins Guðmundssonar ✓ 400
39, Ragnheiði Einarsdóttur, ekkju Þor-
varðar Daníelssonar ✓ 300 kr.

fl. 7080 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fl. 7080 kr.

| | | |
|---|---|---|
| 40, Samskotanefndinni á Dýrafirði | 500 | – |
| 41, Samskotanefndinni í Stykkishólmi | 500 | – |
| 42 Kringluheimilinu | 150 | – |
| Samtals = | 8230 | kr. |

2.

Var samþykkt að greiða verzlunarmanni Helga Zoëga 100 krónur fyrir reikningsfærslu, skrifstofu og aðstoð við gjaldkerastörfin og aðra vinnu í þarfir nefndarinnar.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Páll Einarsson.
Jón. Bjarnason. G. Zoëga Hannes Hafliðason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907 þ. 20. okt. átti samskota-
nefndin fund mjer í Reykjavík.
Allir nefndarmennirnir á fundi
nema kaupmaður Th. Thorsteins-
son. -

Á fundinum gjörðist það, er
hjer segir:

1.

Var lögð fram bráðabyrgða-
skilagrein fyrir samskotunum
og úthlutun þeirra. Samkvæmt
skilagreininni er tekjuupphæð
samskotanna, að meðtöldum
vöxtum til þessa dags c. 34320 kr.
en enn þá var ein lítil upphæð
ekki komin. -

Af þessari upphæð hefur
verið úthlutað til ekkna og vanda-
manna hinna drukknuðu 29575 kr.
Ýms kostnaður, er nefndin hefur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borgað út nemur kr. 142,01.-
Er þannig eptir óúthlutað
c. 4600 kr.-

2°

Var úthlutað sem hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1, | Helgu Jónsdóttur, ekkju Jóhanns Jónssonar. Hafnarfirði (250) | 250 kr. |
| 2, | Ekkju Gísla Hallssonar (viðbót) | 109 - 36a |
| 3, | Vandamönnum Gísla Egils Steinþórssonar og Arnbjarnar Sigurðssonar - - | 160. - 90a |
| | (liðir 2-3 eru útfararkostnaður). | |
| 4, | Margrjeti Hróbjartsdóttur móður Guðbj: Guðmundssonar | 100. - |
| | Samtals = | 620 kr. 26a. |

3°

Verða þannig eptir óúthlutað
c. 4000 kr. Nefndin áleit, að með
úthlutuninni þeirri, sem fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa farið, sje bætt úr brýnustu þörfum ekkna og vandamanna þeirra, er druknuðu, og því ekki brýn þörf á að útbýta meiru að þessu sinni. Tók því nefndin þá ákvörðun, að leggja það sem eptir er c. 4000 kr. í Fiskimannasjóð Kjalarnesþings og afhenda upphæðina stjórn þess sjóðs, og láta þá ósk fylgja, að ef hvílíkum mannskaða á fiski-skipi frá Faxaflóa beri að höndum í einu, þá verði ekki að eins vöxtunum af þessari upphæð veitt til styrktar eptirlifandi vanda-mönnum þeirra, heldur einnig höfuðstólnum eða svo mikla hluta hans, er þurfa þætti, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jafnvel að nokkrum hluta
vaxtanna yrði fyrst um sitt
bætt við höfuðstól þessarar upp-
hæðar, til þess betur að geta
veitt hjálp, ef slíkt stórslys
ber að höndum. –

4°

Var gjaldkera falið að semja
endanlegan reikning yfir
tekjur og gjöld samskotasjóð=
ins og undirskrifar nefndin
öll hann (á fundi) seinna.
Var formanni falið að fá tvo
af gefendunum t.d. Sighvat
bankastjóra Bjarnason og kaup-
mann Ditlev Thomsen + eða
einhverja aðra góða menn
til þess að endurskoða reikn-
inginn. Væntist það, að
reikningurinn verði síðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með athugasemdum endurskoðenda lagðar fram á nefndarfundi –
Fleira gjörðist ekki. –
Fundi slitið

Þórh. Bjarnarson. Páll Einarsson
G. Zoëga Hannes Hafliðason J. Thorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908 þ. 27. jan. átti sam-
skólanefndin fund með sjer.
Allir nefndarmenn á fundi
nema kaupmaður Th. Thorsteins-
son, sem var utanlands.

1°

Á fundinum var lögð fram
skilagrein gjaldkera nefndar-
innar fyrir tekjum og útborg-
unum öllum. Hafði skilagrein-
in verið endurskoðuð af þeim
bankastjóra Sighvati Bjarnasyni
og kaupmanni D. Thomsen.
Eptir að gjaldkeri hafði svarað
athugasemdum þeim, er endur-
skoðendurnir höfðu gjört í fyrstu,
hafa endurskoðendurnir ritað
á skilagreinina, að þeir ekkert
hefðu við hana að athuga-
framar og samkvæmt þeirri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áritun samþykkti nefndin
skilagreinina og veitir hjer með
gjaldkera fullnaðarkvittun fyrir
fjenu, og er hann þar með leystur
frá þessu sjerstaka starfi. Jafn-
framt athugast, að síðan skila-
greinin var samin bættist
sjóðnum 176 kr. og vextir til
ársloka kr. 24.48.-
Er þannig óútbýtt af fjenu
kr. 4197.03, og samkvæmt fundar-
ályktun 20. okt. f.á. var stjórnar-
nefnd Fiskimannasjóðs Kjalar-
nesþings send sú upphæð í
innlánsbók № 2218 við Íslands-
banka, og undirskrifaði sam-
skotanefndin brjef til stjórnar-
nefndar Fiskimannasjóðsins
sama innihalds og greint er
frá í 3. lið í fundargjörðinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30. okt. 1907. –

Öll skjöl samskotanefndarinnar verða send stjórnarnefnd Fiskimannasjóðsins og grentast, geymd með skjölum þess sjóðs. –

2°

Var ákveðið að skýra, í einu eða tveimur blöðum frá þessum málalokum, til birtingar fyrir almenningi.

Þar með var störfum nefndarinnar lokið. –

Þórh. Bjarnarson. Páll Einarsson
G. Zoëga Th. Jensen
G. Björnsson. Hannes Hafliðason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

162 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur